

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS, ÖGUR STYKKISHÓLMI

<b>Dagsetning</b>	29.6.2011	<b>Fulltrúi UST</b>	Sigrún
<b>Fyrirtæki</b>	Stykkishólmsbær	Guðmundsdóttir	
<b>Heimilisfang</b>	Hafnargötu 3	<b>Starfsleyfi, gildir til</b>	1.7.2018
<b>Kennitala</b>	620269-7009	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Isat nr.</b>	38.21.0	<b>Fulltrúar fyrirtækis</b>	Þór Örn Jónsson
<b>Starfsemi</b>	Urðun óvirks úrgangs og geymsla ákv. úrgangsflokka	<b>Staðsetning starfstöðvar (hnit)</b>	65°03.47N,22.45.71W

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Meðhöndlun úrgangs var að mestu í lagi að Ögri. Gerð er ein athugasemd og 5 frávik staðfest. Athugasemdin varðar mælingar sem ráðast þarf í á næstunni en frávikin ósnyrtilegan hluta svæðisins, svæðið er ekki afgirt og ólæst, úrgangsflokkar sem ekki eru tilgreindir í starfsleyfi eru á svæðinu, ábyrgðartryggingu, áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á bráðamengun hafs og stranda vantar sem og neyðaráætlun

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir ákvæði starfsleyfis og reglugerðar 738/2003 um urðun úrgangs, er varða meðhöndlun úrgangs, skráningar og skyldur rekstraraðila er varða hættu á bráðamengun hafs og stranda.. Urðunar- og geymslustaður að Ögri var skoðaður með Þór Erni Jónssyni.



## FRÁVIK<sup>i</sup> OG ATHUGASEMDIR<sup>ii</sup>

### Frávik 1:

Nokkuð ósnyrtilegt var á hluta af svæðinu þ.e. heyrúllur o.fl var á víð og dreif við fjörुकambinn og þarf að hreinsa til þar.

**Frávik frá:** Ákvæði 4.7 í starfsleyfi en samkvæmt því skal halda athafnasvæði urðunarstaðarins snyrtilegu. Þá skal meðhöndlun úrgangs fara þannig fram að tryggt sé að hann valdi hvergi óþrifnaði.

### Frávik 2:

Kindur voru á svæðinu enda svæðið ekki afgirt. Þá voru hlið ólæst þó starfsemi væri ekki í gangi.

**Frávik frá:** Ákvæði 4.7 en samkvæmt því skal aðgangur að staðnum vera takmarkaður og hlið vera lokuð nema þegar starfsemi fer fram

### Frávik 3:

Umhverfisstofnun hefur ekki borist staðfesting um ábyrgðartryggingu, áhættumat og viðbragðsáætlun vegna mögulegrar hættu á bráðamengun.

**Frávik frá:** 18. grein laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, en samkvæmt henni ber rekstraraðila að gera áhættumat vegna mögulegrar bráðamengunar frá starfseminni, sem og viðbragðsáætlun. Eins ber rekstraraðila að taka ábyrgðartryggingu vegna mögulegs bráðamengunartjóns sbr. 16.gr. fyrrgreindra laga.

### Frávik 4:

Neyðaráætlun vantar.

**Frávik frá:** Ákvæði 4.6 en samkvæmt því skal rekstraraðili útbúa neyðaráætlun, þar sem úrræði ,ef til óvæntrar stöðvunar á rekstri kemur, eru tilgreind.

### Frávik 5

Molta og timburúrgangur er geymt á svæðinu. en ekki er gert ráð fyrir geymslu þessara efna á staðnum. Þó er gert ráð fyrir jarðgerð (hún fer þó ekki fram á svæðinu).

**Frávik frá:** Ákvæði 1.2 í starfsleyfi þar sem starfsemi og úrgangsflokkar sem meðhöndla má á svæðinu eru tilgreindir. Þá er samkvæmt ákvæði 1.4 gerð krafa um að breytingar á rekstri séu tilkynntar til Umhverfisstofnunar áður en ráðist er í þær.

## Athugasemd 1

Samkvæmt ákv. 3.2 og 3.3 í starfsleyfi skal gera mælingar í frárennsli og sigvatni á staðnum í samráði við Umhverfisstofnun. Ekki fundust niðurstöður slíkra mælinga af staðnum í gagnasöfnum Umhverfisstofnunar. Nauðsynlegt er að gera þessar mælingar nú og skal rekstraraðili snúa sér til fagaðila um framkvæmd þeirra.

Reykjavík, 8.9.2011

---

Undirskrift eftirlitsaðila

---

<sup>i</sup> **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

<sup>ii</sup> **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.